

# Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands  
Apríl 2005

# Yfirlit efnahagsmála

- Verðbólga er enn yfir þolmörkum verðból gumarkmiðsins, þótt nokkuð hafi dregið úr henni í apríl. Hækkun á gengi krónunnar hafði í för með sér verðlækkun innfluttrar vöru milli mánaða og aukin samkeppni á dagvörumarkaði skilaði sér í verðlækkun innlendrar vöru (án búvöru og grænmetis). Á hinn bóginn hækkaði markaðsverð húsnæðis verulega á milli mánaða. Vísitala neysluverðs án húsnæðis lækkaði milli mánaða. Því hefur hlutdeild húsnæðisliðarins í verðbólgu aukist enn frekar.
- Starfandi fólki fjölgaði og heildarvinnumagn jókst á fyrsta fjórðungi ársins.<sup>1</sup> Fjölgun í yngsta og elsta aldurshópnum skýrir tæplega 90% af fjölgun starfandi fólks. Atvinnuástand meðal kvenna á landsbyggðinni er loks farið að glæðast. Útgáfa atvinnuleyfa nánast tvöfaldaðist á sama tíma.

## I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar

Verðbólga var 4,3% í apríl, eða 0,4 prósentum minni en í mars. Markaðsvirði húsnæðis hækkaði um 4,4% milli mánaða og hefur hækkað um 27,8% undanfarna tólf mánuði. Lok vetrarútsölu á fatnaði valda að jafnaði hækkun vísitölunnar á þessum árstíma og hækkaði verðlag fatnaðar um 2,7% í apríl. Aukin samkeppni á dagvörumarkaði og hækkun á gengi krónunnar hafði í för með sér að verðlag innfluttrar mat- og drykkjarvöru lækkaði um 3,8% milli mánaða og verðlag dagvöru um 2,5%.

- Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,2% í apríl frá fyrra mánuði.
- Kjarnavísitala 1 (án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensíns) hækkaði um 0,4% milli mánaða og nam 12 mánaða hækkun hennar 4,6%.
- Kjarnavísitala 2 (kjarnavísitala 1 án opinberrar þjónustu) hækkaði einnig um 0,4% milli mánaða og nam 12 mánaða hækkun hennar 4,4%.
- Vísitala neysluverðs án húsnæðis lækkaði um 0,5% frá síðasta mánuði og hefur hækkað um rúmlega 1% sl. 12 mánuði.

## II Framleiðsla og eftirspurn

Áhrif gengishækkunar krónunnar koma fram í veltutölum. Á fyrsta fjórðungi ársins 2005 voru nýskráningar bifreiða 61% fleiri en á sama tíma í fyrra, en þá hafði þeim fjölgað um 35% frá sama árstíma 2003. Mikill vöxtur var í erlendum kreditkortaúttektum á fyrsta fjórðungi ársins, en innlend debetkortavelta dróst saman. Velta í dagvöruverslun í mars var mun meiri en fyrir ári, en tímasetning páska kann að skýra óvenjumikinn vöxt.

- Greiðslukortavelta á fyrsta fjórðungi ársins var 11% meiri en á sama fjórðungi í fyrra, sem er heldur meiri vöxtur en fyrir ári.
- Væntingavísitala Gallup lækkaði lítillega í apríl en er nokkuð yfir meðaltali síðustu þriggja mánaða.

---

1. Heildarvinnumagn er skilgreint sem margfeldi fólks við vinnu í viðmiðunarviðu og meðalfjöldi vinnustunda í viðmiðunarviðu.

### III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði

Mikill vöxtur var í utanríkisviðskiptum í febrúar, einkum innflutningi. Vöruútflutningur jókst í febrúar eftir að hafa dregist saman í janúar, aðallega sökum mikils álútflutnings, en einnig jókst útflutningur sjávarafurða nokkuð. Útflutningur lyfja og lækningatækja minnkaði hins vegar. Sökum aukins útflutnings í febrúar var halli á vöruviðskiptum 1 ma.kr. minni en í janúar eða 2,3 ma.kr. Verð hrávöru á alþjóðamarkaði hefur lækkað nokkuð frá því um miðjan mars, eftir mikla hækkun frá áramótum. Hráolíuverð og verð bensíns hefur einnig lækkað lítillega frá byrjun apríl, en framvirkt verð bendir til þess að hráolíuverð muni haldast mjög hátt næstu mánuði.

- Vöruinnflutningur í febrúar var 42% meiri á föstu gengi en fyrir ári.
- Útflutningur í febrúar var 23,2% meiri á föstu gengi en á sama tíma í fyrra, eftir að hafa dregist saman um 10,6% í janúar.
- Verð sjávarafurða í erlendri mynt gaf lítills háttar eftir í mars, en hefur hækkað um 7% síðustu 12 mánuði.

### IV Vinnumarkaður

Niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofu Íslands fyrir fyrsta ársfjórðung árið 2005 sýna skýr merki um aukna vinnuaflseftirspurn. Vinnuafslnotkun, hvort heldur hún er skilgreind sem fjöldi starfandi fólks eða heildarvinnustundafjöldi, jókst töluvert á fyrsta fjórðungi ársins frá sama tíma í fyrra. Eins og á fjórða ársfjórðungi í fyrra jókst vinnuframlag yngsta (16-24 ára) og elsta (55-74 ára) aldurshópsins mest og skýrir tæplega 9/10 af fjölgun starfandi fólks.

- Starfandi fólki fjölgaði um 2,3% á fyrsta fjórðungi ársins miðað við sama tíma árið á undan og heildarvinnustundafjöldi jókst um 1,6%.
- Atvinnuþátttaka jókst um 0,6 prósentur.
- Árstíðarleiddrétt atvinnuleysi minnkaði um 0,1 prósentu í mars frá fyrra mánuði, og var 2,2%.
- Laus störf í boði hjá vinnumiðlunum voru um 170% fleiri á fyrsta fjórðungi í ár en á sama tíma í fyrra.
- Útgáfa nýrra atvinnuleyfa hefur verið tæplega tvöfalt meiri það sem af er ári en á sama tíma í fyrra.

### V Opinber fjármál

Talsverður tekjuafgangur hefur myndast á ríkissjóði undanfarna mánuði. Bætt afkoma skýrist einkum af verulegum vexti helstu tekjuliða, og heildargjöld án vaxta (leiðrétt fyrir bókhaldsbreytingum) hafa einnig aukist lítið. Lánsfjárafgangur hefur verið töluvert meiri en tekjuafgangur vegna aukinnar innheimtu lána.

- Tekjuafgangur ríkissjóðs nam 15% af tekjum síðustu fjóra mánuðina til febrúarloka.
- Hækkun eignaverðs og aukin umsvif á fasteignamarkaði hafa skilað 4 ma.kr. meiri tekjum síðustu fjóra mánuði til febrúarloka en fyrir ári.

### VI Eignamarkaður

Hækkun vísitölu fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu á milli mánaða var nokkru minni í mars en undangengna tvo mánuði. Tólf mánaða hækkun vísitölunnar hefur hins vegar aukist jafnt og þétt frá haustbyrjun.

- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 2,4% í mars frá mánuðinum á undan og hefur hækkað um 32% síðustu tólf mánuði.
- Úrvalsvísitala hlutabréfa hefur hækkað um tæplega 22% frá áramótum.

## VII Fjármálamarkaður

Seðlabankinn tilkynnti um 0,25 prósentna hækkun stýrivaxta hinn 22. mars sl. Skammtímavaxtamunur við útlönd jókst eftir vaxtahækkunina og hefur verið að meðaltali 6,4%. Gengi krónunnar hefur undanfarna daga verið svipað og um sl. áramót, en hefur lækkað um 6,1% frá 21. mars þegar það varð hæst.

- Skammtímavaxtamunur við útlönd hefur verið að meðaltali 0,6 prósentum meiri eftir að tilkynnt var um hækkun stýrivaxta Seðlabankans 22. mars en á jafnlöngu tímabili þar á undan.
- Útlán innlánsstofnana aukast enn. Í lok mars var tólf mánaða vöxtur útlána til innlendra aðila rúmlega 40% og höfðu útlán til heimila aukist um tæplega 96%.

## VIII Erlend efnahagsmál

Hækkun olíuverðs hefur haft töluverð áhrif á væntingar um hagvöxt á þessu ári. Evrusvæðið er enn í lægð og hagvöxtur í Japan hefur stöðvast í bili. Hækkun olíuverðs hefur einnig haft áhrif á verðbólgu. Neysluverð á evrusvæðinu hækkaði t.d. um 0,7% í mars frá fyrra mánuði, sem er ein mesta hækkun sem orðið hefur milli mánaða samkvæmt mælingum Eurostat. Tólf mánaða verðbólgan var þó aðeins lítillega yfir 2% viðmiðun Seðlabanka Evrópu og kjarnaverðbólga er töluvert minni. Verðbólga jókst einnig í Bretlandi og í Bandaríkjunum. Hagtölur í Evrópu hafa ekki gefið tilefni til stýrivaxtabreytinga frá miðju ári 2003, en bandaríski seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 0,25 prósentur í mars, í 2,75%.

- Hagvöxtur í Bretlandi var 2,8% á fyrsta ársfjórðungi árið 2005 miðað við sama tíma árið áður.
- Meiri hagvöxtur var í Kína á fyrsta ársfjórðungi 2005 en búist hafði verið við eða 9,5%.

Í Hagvísunum er notast við talnagögn sem tiltæk voru 26. apríl 2005.



## Yfirlitstafla Hagvísu

I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar <sup>1</sup>	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Breyting (%)			Áhrif á VNV sl. 12 mán. (%)	12 mán. br. fyrir ári (%)
			frá fyrri mánuði	yfir 6 mánuði <sup>2</sup>	yfir 12 mánuði		
Vísitala neysluverðs (VNV) (maí 1988=100) .....	apríl '05	242,0	0,2	3,9	4,3	.	2,2
Kjarnavísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensins)	apríl '05	137,6	0,4	5,8	4,6	4,1	2,7
Kjarnavísitala 2 (kjarnavísitala 1 án opinberrar þjónustu) .....	apríl '05	137,5	0,4	5,3	4,4	3,5	2,3
Innlendar vörur án búvöru og grænmetis .....	apríl '05	126,6	-1,9	-5,6	-0,9	-0,1	-0,2
Búvörur og grænmeti .....	apríl '05	118,4	-1,7	-5,3	1,9	0,1	-0,4
Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks .....	apríl '05	109,1	-0,2	-6,3	-1,4	-0,4	0,3
- mat- og drykkjarvörur .....	apríl '05	109,2	-3,8	-17,5	-9,2	-0,2	-2,5
- nýr bíll og varahlutir .....	apríl '05	117,4	-1,3	-3,8	-1,1	-0,1	3,6
- bensín .....	apríl '05	133,1	0,2	-11,8	5,7	0,3	-1,0
- innfluttar vörur aðrar .....	apríl '05	99,3	0,7	-3,9	-1,9	-0,3	-0,6
Húsnæði .....	apríl '05	206,1	2,7	25,5	17,7	3,9	7,0
Opinber þjónusta .....	apríl '05	143,4	0,0	10,9	6,9	0,5	5,9
Önnur þjónusta .....	apríl '05	143,4	-0,1	4,8	3,1	0,7	2,4
Dagvara .....	apríl '05	116,8	-2,5	-8,9	-2,5	-0,4	-2,4
Innflutningsgengisvísitala (31. des. 1994=100) .....	31. mars '05	91,5	-1,5	-21,2	-12,6	.	2,5

Verðbólguvæntingar m.v. verðbólguálag vaxta <sup>3</sup> .....	Nýjasta tímabil	Vænt 12 mán. verðbólga	Vænt Breyt. frá Vænt 12 m. síðustu verðbólga könnun fyrir ári		Vænt verðbólga á ársvarða næstu		Hugmynd um verðb. sl. 12 mán.
			2 ár	3 ár	2 ár	3 ár	
Verðbólguvæntingar m.v. verðbólguálag vaxta <sup>3</sup> .....	18. mars '05	4,9	.	.	4,8	4,7	.
Verðbólguvæntingar fyrirtækja .....	febrúar '05	3,6	0,0	2,8	3,0	.	.
Verðbólguvæntingar almennings .....	mars '05	4,1	0,2	3,3	.	.	3,7

1. Grunn tímabil vísitalna: Vísitala neysluverðs: maí 1988; aðrar verðvísitalur undirflokkna: mars 1997=100. 2. Umreiknað til ársraða. 3. Reiknað verðbólguálag til 2 og 3 ára miðað við mismun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa og verðtryggðra spariskírteina með sama líftíma. Upplýsingar skortir í apríl 2005.

II Framleiðsla og eftirspurn	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fýrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Landsframleiðsla (ma.kr.) .....	4. ársfj. '04	221,1	207,3	.	3,8	858,9	5,2
Þjódarútgjöld (ma.kr.) .....	4. ársfj. '04	240,6	218,2	.	7,2	909,9	7,7
Einkaneysla (ma.kr.) .....	4. ársfj. '04	133,9	119,7	.	9,2	496,3	7,5
Samneysla (ma.kr.) .....	4. ársfj. '04	58,9	55,4	.	1,3	228,2	3,6
Fjármunamyndun (ma.kr.) .....	4. ársfj. '04	52,0	46,6	.	7,8	188,7	12,8
Útflutningur vöru og þjónustu (ma.kr.) .....	4. ársfj. '04	79,0	69,4	.	13,2	316,1	8,3
Innflutningur vöru og þjónustu (ma.kr.) .....	4. ársfj. '04	-98,5	-80,3	.	21,3	-367,1	14,3
Velta innanlandsgreina skv. virðisaukaskýrslum (ma.kr.) <sup>1</sup> ..	nóv.-des. '04	213,2	166,7	9,8	23,2	1.027,0	12,0
Dagvöruvelta (nóv. 2001=100) .....	mars '05	122,7	109,3	15,6	12,3	111,9	7,2
Greiðslukortavelta (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	mars '05	49,1	47,6	2,1	2,2	147,3	11,2
Velta skráðra fyrirtækja (ma.kr.) .....	jan.-des. '04	341,6	266,2	.	28,3	341,6	28,3
Sementssala (þús. tonn) .....	mars '05	18,1	15,0	15,9	20,4	46,4	30,7
Nýskráning bifreiða (stk.) .....	mars '05	1.779	1.307	-1,9	36,1	5.200	61,4

Skýring: Allar breytingar fjárhæða á milli tímabila eru raunbreytingar. 1. Breytingar eru reiknaðar út frá árstíðarleiddum tölum.

III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fýrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Verðlag sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli (jan. 1999 = 100)	mars '05	99,8	93,5	-1,4	6,8	101,1	6,9
Verðlag áls á heimsmarkaði (\$/tonn) .....	mars '05	1.982	1.656	5,3	19,7	1.900	15,2
Verð olíu á heimsmarkaði (\$/fat) .....	mars '05	53,1	33,5	16,5	58,4	47,6	48,4
Botnfiskafli (þús. tonn) .....	mars '05	63,9	65,1	20,7	-1,8	150,7	6,3
Uppsjávarafli (þús. tonn) .....	mars '05	149,4	197,4	-39,6	-24,3	600,0	21,6
Vöruútflutningur (án skipa og flugvéla, ma.kr.) <sup>1</sup> .....	febrúar '05	16,4	14,3	19,9	23,6	30,3	4,7
- sjávarafurðir (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	febrúar '05	10,1	9,2	38,7	17,7	17,4	3,2
- ál (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	febrúar '05	3,5	2,2	17,9	68,9	6,5	46,2
- aðrar iðnaðarvörur (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	febrúar '05	2,3	2,2	-11,7	14,4	5,0	-21,7
Vöruinnflutningur (án skipa og flugvéla, ma.kr.) <sup>1</sup> .....	febrúar '05	-0,9	14,1	-105,2	-106,7	16,4	-42,6
Vöruskiptajöfnuður (án skipa og flugvéla, ma.kr.) <sup>1</sup> .....	febrúar '05	17,3	0,1	.	.	14,0	.
Útflutningur þjónustu (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	4. ársfj. '04	25,6	24,0	-33,1	12,7	113,8	9,8
Innflutningur þjónustu (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	4. ársfj. '04	34,2	29,6	4,1	22,2	128,2	14,2
Raungengi m.v. verðlag (1980=100) .....	1. ársfj. '05	107,8	96,8	7,9	11,4	107,8	11,4

1. Breytingar á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd eru á föstu gengi.

IV Vinnumarkaður og tekjur	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting frá <sup>1</sup>		Frá ársbyrjun <sup>2</sup>	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá fyrri ári (%)
Fjöldi atvinnulausra.....	mars '05	3.799	4.991	-356	-1.192	4.102	-18,9
Hlutfall atvinnulausra, árstíðarleiðrétt (% af mannafla).....	mars '05	2,2	3,0	-0,1	-0,8	2,4	-0,7
Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðskönnun (% af mannafla).....	1. ársfj. '05	3,0	3,1	0,5	-0,1	3,1	-0,1
Laus störf á vinnumiðlunum.....	mars '05	1.128	482	-4,2	134,0	1.119	172,3
Útgáfa nýrra atvinnuleyfa.....	mars '05	209	88	21,5	137,5	562	91,8
Útgáfa atvinnuleyfa alls.....	mars '05	378	283	69,5	33,6	885	-2,4
Launavísitala (des. 1988=100).....	mars '05	262,9	246,8	0,4	6,5	262,0	6,6
Kaupmáttur launa m.v. launavísitölu (1990=100).....	mars '05	136,0	133,6	-0,4	1,8	136,3	2,2

1. Breytingar á fjölda atvinnulausra sýna fjölgun/fækkun; breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar breytingar vísitalna og breytingar á útgáfu atvinnuleyfa og fjölda lausra starfa eru hlutfallslegar (%). 2. Meðal mánaðarlegur fjöldi atvinnulausra og lausra starfa það sem af er árinu, meðaltal atvinnuleysishlutfalls en uppsafnaður fjöldi atvinnuleyfa. Breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar aðrar breytingar eru hlutfallslegar (%).

V Opinber fjármál	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Tekjuafgangur ríkissjóðs (ma.kr.).....	febrúar '05	3,2	2,3	.	.	12,8	.
Tekjuafgangur ríkissjóðs, hlutfall af tekjum (%).....	febrúar '05	11,3	9,1	.	.	21,1	.
Hrein lánsfjárförf (ma.kr.).....	febrúar '05	7,3	5,7	.	.	17,9	.
Hrein lánsfjárförf (% af tekjum).....	febrúar '05	26,0	23,2	.	.	29,6	.
Tekjur ríkissjóðs (ma.kr.).....	febrúar '05	28,2	24,7	2,7	9,6	60,7	19,5
- af virðisaukaskatti (ma.kr.).....	febrúar '05	8,4	7,0	5,2	15,1	18,7	18,1
- af staðgreiddum tekjuskatti & tryggingargj. (ma.kr.).....	febrúar '05	8,7	7,6	-1,8	9,6	17,2	12,1
- af innflutningi og áfengi (ma.kr.).....	febrúar '05	1,7	1,4	-0,6	20,2	3,6	29,2
Útgjöld ríkissjóðs (ma.kr.).....	febrúar '05	25,0	22,4	2,0	7,1	47,9	15,5









Skýring: Fyrstu fjórir dalkarnir vísa til 4ra mánaða meðaltala, hinir tveir til heildartalna frá byrjun árs. Ekki er leiðrétt fyrir bókhaldsbreytingu í janúar 2004, sem skemkir samanburð 4ra mánaða talna þar til í apríltölum 2005. Allar breytingar fjárhæða milli tímabila eru raunbreytingar.

VI Eignamarkaðir	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá f. ári (%)
Úrvals-vísitala, mánaðarmeðaltal (des. 1997=1,000).....	mars '05	3.846,9	2.537,6	1,2	51,6	3.725,7	54,1
Heildarvísitala aðallista, mánaðarmeðaltal (des. 1997=1,000).....	mars '05	3.595,2	2.465,8	1,0	45,8	3.488,4	48,4
Velta, mánaðarleg (ma.kr.).....	mars '05	59,0	57,9	-12,5	1,9	184,5	9,7
Verð íbúða í fjölbýli á höfuðb.svæði (jan. 1994=100).....	mars '05	249,2	191,8	1,7	29,9	242,0	28,0
Raunverð íbúða alls á höfuðb.svæði (jan. 1994=100).....	mars '05	176,4	139,6	1,6	26,3	171,9	25,3
Aflahlutdeild (kr./kg.).....	mars '05	1.170	1.160	-0,4	0,9	1.173	-1,4

VII Fjármálamarkaðir	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá fyrri ári (%)
Útlán innlánsstofnana til innlendra aðila (ma.kr.).....	mars '05	1.245,6	885,2	4,1	40,7	.	.
að frádrægnu ætfl. gengis- og vísitöluáhrifum (vísitala)....	mars '05	300,7	207,4	4,2	45,0	.	.
- að raungildi (jan. 2002=100).....	mars '05	164,7	122,1	3,9	34,9	.	.
Útlán lánakerfisins (ma.kr.).....	desember '04	2.654,1	2.208,3	2,9	20,2	.	.
M3 (ma.kr.).....	mars '05	587,5	507,6	4,7	15,7	.	.
Stýrivextir Seðlabankans (%).....	22. apríl '05	9,0	5,3	0,3	3,7	8,6	3,3
Peningamarkaðsvextir, 3ja mán (%) <sup>1</sup> .....	22. apríl '05	9,2	5,4	0,2	3,8	8,9	3,6
Ríkisvixlavextir, 3ja mán (%) <sup>1</sup> .....	22. apríl '05	8,7	5,1	0,6	3,6	7,9	2,8
Skammtímaraunvextir 3ja mán r.vix m.v. verðb.álag (%) <sup>1</sup> .....	22. apríl '05	8,7	2,9	1,5	5,7	5,9	2,9
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa, (3 ár, fl. RIKB 07 0209) (%) <sup>1</sup> .....	22. apríl '05	8,9	6,8	0,1	2,1	8,6	1,6
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa, (9 ár, RIKB 13 0517) (%) <sup>1</sup> .....	22. apríl '05	7,7	7,2	0,1	0,6	7,6	0,1
Ávöxtunarkrafa húsbréfa til 25 ára (IBH 26 0315) (%) <sup>1</sup> .....	22. apríl '05	4,7	4,3	0,0	0,4	4,7	0,2
Ávöxtunarkrafa húsbréfa til 40 ára (IBH 41 0315) (%) <sup>1</sup> .....	22. apríl '05	4,7	4,2	0,0	0,5	4,7	0,2
Ávöxtunarkrafa spariskírteina til 5 ára (RIKS 05 0410) (%) <sup>1</sup> .....	22. apríl '05	3,4	3,7	1,2	-0,3	2,4	-1,4
Ávöxtunarkrafa spariskírteina til 15 ára (RIKS 15 1001) (%) <sup>1</sup> .....	22. apríl '05	3,6	3,8	0,1	-0,2	3,5	-0,6
Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða (%) <sup>1</sup> ....	22. apríl '05	14,4	11,3	0,2	3,1	14,1	2,6
Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisjóða (%) <sup>1</sup> .....	22. apríl '05	7,5	8,0	0,0	-0,5	7,5	-0,8
Gengisvísitala krónunnar (31. des. 1991=100) <sup>1</sup> .....	22. apríl '05	109,6	123,1	0,8	-10,9	108,9	-9,9









1. Allar tölur nema í tveimur öftustu dálkum miðast við 4 vikna meðaltöl, til þess dags sem tilgreindir er.

# I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar













## II Framleiðsla og eftirspurn











## II Framleiðsla og eftirspurn






## III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði







### III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði







### III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði







### IV Vinnumarkaður og tekjur




## IV Vinnumarkaður og tekjur







## V Opinber fjármál











## V Opinber fjármál











## VI Eignamarkaðir



## VII Fjármálamarkaðir











## VII Fjármálamarkaðir












## VIII Alþjóðleg efnahagsmál



## VIII Alþjóðleg efnahagsmál



# Skýringar við myndir í Hagvísum Seðlabanka Íslands

## *Mynd 1. Verðbólga (VNV og kjarnavísitölur)*

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða %-breyting vísitölu neysluverðs og kjarnavísitalna 1 og 2. Einnig er sýnt verðbólguþéttun Seðlabanka Íslands sem tekið var upp í mars 2001.

## *Mynd 2. Verðlagsþróun: vörur*

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs og tveggja undirliða hennar; innlendra vara án búvara og grænmetis og innfluttra vara án áfengis og tóbaks.

## *Mynd 3. Verðlagsþróun: húsnæði og þjónusta*

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs og þriggja undirliða hennar; húsnæðis, opinberrar þjónustu og annarrar þjónustu.

## *Mynd 4. Verðlagsþróun: matvara, dagvara og bensín*

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar í verðvísitölum þriggja undirflokka vísitölu neysluverðs; matvöru, dagvöru og bensíns.

## *Mynd 5. Verð innfluttrar vöru í vísitölu neysluverðs og vöruskiptavegin innflutningsgengisvísitala*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verð á innfluttum vörum án áfengis og tóbaksverðs í vísitölu neysluverðs. Vísitala með meðaltal tímabilsins sem myndin sýnir sem grunnildi. Vöruskiptavegin innflutningsgengisvísitala, meðaltal mánaðar, mars 1997 = 100.

## *Mynd 6. Undirliðir verðbólgu*

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru áhrif breytinga í nokkrum helstu undirflokkum vísitölu neysluverðs á sl. 1, 3, 6 og 12 mánuðum. Flokkarnir eru fimm: innlendar vörur án búvöru og grænmetis, innfluttar vörur án áfengis og tóbaks, húsnæði, opinber þjónusta og þjónusta á almennum markaði.

## *Mynd 7. Verðbólga á Íslandi og í viðskiptalöndunum*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Eurostat. Verðbólga á Íslandi og á EES-svæðinu miðað við 12 mánaða breytingu samræmdrar vísitölu neysluverðs (HICP). Verðbólga í viðskiptalöndunum er miðuð við 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs í Bandaríkjunum, Japan og Sviss en 12 mánaða breytingu í samræmdrar vísitölu neysluverðs í öðrum viðskiptalöndum.

## *Mynd 8. Verðbólguvæntingar*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og fyrirtækja og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar eru skv. könnunum sem IMG Gallup gerir fyrir Seðlabankann. Á árunum 2000-2002 sá IBM (áður PriceWaterHouseCoopers) um kannanirnar á verðbólguvæntingum almennings. Spurt er hver verðbólgan muni verða næstu 12 mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa til 2 og 3 ára er reiknað út frá ávöxtunarkröfu ríkisvixla, ríkisbréfa og spariskirteina. Búnir eru til ferlar fyrir ávöxtun m.v. tímalengd þar sem brúað (interpolerað) er á milli einstakra flokka óverðtryggðra bréfa og verðtryggðra. Verðbólguálagið er þá munurinn á ávöxtun ferlanna í tilteknum tímalengdum. Fram til 15. apríl 2003 er verðbólguálag sýnt sem hlutfall ávöxtunarkröfu ríkisbréfa og spariskirteina til svipaðrar tímalengdar. Tölur eru í mánaðarlök 2001 - júní 2004 og daglegar frá 1. júlí 2004. Upplýsingar skortir í apríl 2005.

## *Mynd 9. Ársfjórðungslegur hagvöxtur og þjóðarútgjöld*

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting vergrar landsframléiðslu og þjóðarútgjalda frá sama fjórðungi á fyrra ári.

## *Mynd 10. Ársfjórðungsleg neysla og fjárfesting*

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingar frá sama fjórðungi á fyrra ári.

## *Mynd 11. Ársfjórðungsleg utanríkisviðskipti*

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting útflutnings og innflutnings frá sama fjórðungi á fyrra ári.

## *Mynd 12. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru tölur um heildarveltu og veltu innanlandsgreina. Tölur eru raunvirtar með vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðis eða vísitölu neysluverðs án bensíns og húsnæðis, eftir því sem við á, og árstíðarleiddréttar.

## *Mynd 13. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum: nokkrir undirflokkar*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru tölur um þrjá undirflokkar; byggingarstarfsemi, smásöluverkslun og þjónustugreinar. Tölur eru raunvirtar með vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðis eða vísitölu neysluverðs án bensíns og húsnæðis, eftir því sem við á, en ekki árstíðarleiddréttar.

*Mynd 14. Dagvöruvelta*

Heimild: Samtök verslunar og þjónustu (SVP). Velta dagvöru í smásölu samkvæmt smásöluvísitölu SVP-IMG. Raunvirt með verðvísitölu dagvöru frá Hagstofu. Nóvember 2001=100. Reiknað er hreyfanlegt þriggja mánaða meðaltal veltu og þannig sýnd bæði vísitala veltu og breyting hennar frá fyrra ári. Vísitalan er reiknuð af IMG skv. upplýsingum sem berast beint frá fyrirtækjum og er miðað við að a.m.k. 80% fyrirtækja í greininni skili upplýsingum.

*Mynd 15. Greiðslukortavelta*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Velta greiðslukorta (samanlögð velta debetkorta og kreditkorta) innanlands og í heild (innanlands og erlendis). Staðvirt er með vísitölu neysliverðs (velta innanlands) og meðalgengisvísitölu (velta erlendis). Sýnd er breyting veltu frá fyrra ári í %, annars vegar í einum mánuði og hins vegar á tímabilinu frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar.

*Mynd 16. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, hagnaður eftir skatta og fjármagnsliði. Úrtak er parað við fyrra ár og notaðar fyrirliggjandi upplýsingar hverju sinni.

*Mynd 17. Sementssala og innflutningur og nýskráning bifreiða*

Heimildir: Aalborg Portland Ísland hf., BM Vallá, Bilgreinasambandið, Hagstofa Íslands og Sementsverksmiðjan hf. Samanlögð sementssala þriggja seljenda. Sementssala í hverjum mánuði er árstíðarleidd. Tölur um innflutning bifreiða eru frá Hagstofu og ná yfir fólksbíla eingöngu. Tölur um nýskráningu bifreiða eru frá Bilgreinasambandinu og ná yfir bæði nýjar og notaðar bifreiðir í öllum flokkum (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir). Í öllum tilvikum er reiknað er þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal og sýnd 12 mánaða breyting þess.

*Mynd 18. Raforkusala*

Heimild: Orkustofnun. Almenn raforkunotkun (þ.e. án notkunar stóriðju), án notkunar Landsvirkjunar. Árstíðarleiddar, mánaðarlegar tölur, sýndar sem breyting þriggja mánaða hreyfanlegs meðaltals yfir 12 mánuði.

*Mynd 19. Samningsverð í útboðum og hlutfall samningsverðs og kostnaðaráætlana*

Heimildir: Framkvæmdasýsla ríkisins, Innkaupastofnun Reykjavíkur og Vegagerðin. Miðað er við ársfjórðungslegt, vegið meðaltal samninga. Sýnd er fjárhæð samninga og hlutfall samningsverðs og kostnaðaráætlana.

*Mynd 20. Væntingavísitölur IMG Gallup*

Heimild: IMG Gallup. Væntingavísitala IMG Gallup ásamt vísitölum um mat á núverandi ástandi og væntingar til 6 mánaða.

*Mynd 21. Ársfjórðungslegur viðskiptajöfnuður*

Heimildir: Seðlabanki og Hagstofa Íslands. Viðskiptajöfnuður sýndur sem hlutfall af (i) vergri landsframleiðslu og (ii) útflutningi vöru og þjónustu í sama ársfjórðungi.

*Mynd 22. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi*

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

*Mynd 23. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur*

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur eða útflutningur síðustu 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

*Mynd 24. Vöruútflutningur*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verðmæti vöruútflutnings, reiknað á föstu gengi m.v. útflutningsvegna meðalgengisvísitölu. Sýnt er 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal, fyrir heildarvöruútflutning og vöruútflutning að undanskildum skipum og flugvélum.

*Mynd 25. Vöruútflutningur eftir vöruflokkum*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýnt er útflutningsverðmæti þriggja flokka útflutningsvara (sjávarafurðir, ál og kísiljám og iðnaðarvörur), reiknað á föstu gengi. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal sýnt sem vísitala, janúar 2000=100.

*Mynd 26. Árstíðarleiddar vöruinnflutningur*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðarleidd. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að vega saman með gengisvog vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

*Mynd 27. Verð- og magnþróun í vöruviðskiptum*

Heimild: Hagstofa Íslands. Verð og magnþróun innflutnings og útflutnings. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að frádregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

*Mynd 28. Þjónustujöfnuður*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er breyting verðmætis útfluttrar og innfluttrar þjónustu frá sama fjórðungi fyrra árs, reiknað á föstu gengi.

*Mynd 29. Undirþættir viðskiptajafnaðar*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Viðskiptajöfnuður í hverjum ársfjórðungi í ma.kr., skipt eftir helstu undirþáttum (vöruskiptajöfnuður, þjónustujöfnuður og þáttatekjujöfnuður.) Rekstrarframlög eru talin með þáttatekjum.

*Mynd 30. Mánaðarlegar aflatölur*

Heimild: Fiskistofa. Mánaðarlegt aflamagn (í tonnum) botnfisks og uppsjávarfisks.

*Mynd 31. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða*

Heimildir: Fiskistofa og Hagstofa Íslands. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarmiðum. Sýnt er aflamagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir helstu flokkum eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, uppsafnaðar frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en tölur um aflamagn.

*Mynd 32. Verð á sjávarafurðum og áli*

Heimildir: Hagstofa Íslands og London Metal Exchange (LME). Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum skv. mánaðarlegum verðvísitölum Hagstofu Íslands Það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með vöruskiptavog m.v. útflutning. Verð áls frá LME í Bandaríkjadöllum. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðarleidd.

*Mynd 33. Olíu- og bensínverð*

Heimild: Bloomberg. Hráolía, bensín og IPE, framvirkt verð. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu fjögurra ársfjórðunga í Bandaríkjadöllum.

*Mynd 34. Hrávöruverð á heimsmarkaði*

Heimild: EcoWin/Economist. Vikulegar tölur. Sýndar eru tvær vísitölur; hrávöruverð í heild án eldsneytis og verð matvæla, bæði í Bandaríkjadöllum og evrum.

*Mynd 35. Ársfjórðungslegt raungengi*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

*Mynd 36. Atvinnuleysi*

Heimildir: Vinnuálastofnun, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, mælt og árstíðarleidd. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

*Mynd 37. Störf í boði hjá vinnumiðlunum*

Heimild: Vinnuálastofnun. Framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar. Þriggja mánaða hreyfanleg meðaltöl.

*Mynd 38. Veitt atvinnuleyfi*

Heimild: Vinnuálastofnun. Heildarfjöldi útgefna atvinnuleyfa er sýndur og einnig fjöldi nýrra leyfa (og leyfa vegna nýs vinnustaðar). Þriggja mánaða hreyfanleg meðaltöl.

*Mynd 39. Fjöldi starfandi*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Frá 2003 er byggt á upplýsingum úr ársfjórðungslegri vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 var byggt á upplýsingum úr staðgreiðslugögnum. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður.

*Mynd 40. Meðalvinnutími og heildarvinnutími á viku*

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 náði vinnumarkaðsrannsóknin einungis til sinnar hvorrar vikunnar í apríl og nóvember en frá og með janúar 2003 er rannsóknin samfelld, hverju ársfjórðungsúrtaki skipt jafnt á 13 vikur og niðurstöður birtar ársfjórðungslega. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður. Heildarvinnutími er margfeldi fjölda þeirra sem voru við vinnu í viðmiðunarviku og meðalvinnutíma þeirra.

*Mynd 41. Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka skv. könnun Hagstofu*

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 náði vinnumarkaðsrannsóknin einungis til sinnar hvorrar vikunnar í apríl og nóvember en frá og með janúar 2003 er rannsóknin samfelld, hverju ársfjórðungsúrtaki skipt jafnt á 13 vikur og niðurstöður birtar ársfjórðungslega. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður.

*Mynd 42. Launavísitala og kaupmáttur launa*

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölunnar, tímabil miðast við útreikningstíma. Kaupmáttur sem launavísitala staðvirk með vísitölu neysluverðs.

*Mynd 43. Laun á almennum markaði, hjá opinberum starfsmönnum og launaskrið*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Laun á almennum markaði og laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru undirliðir launavísitölnnar. Tímabil miðast við útreikningstíma vísitölnnar. Launaskrið er hækkun launa á almennum markaði samkvæmt launavísitölu umfram mat hagfræðisviðs á hækkun vegna kjarasamninga. Myndin sýnir launaskrið yfir sl. fjóra ársfjórðunga.

*Mynd 44. Tekjuafgangur og hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs*

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Tekjuafgangur síðustu fjögurra mánaða sem hlutfall af tekjum sömu mánaða, hvort tveggja raunvirt. Lánsfjárafgangur síðustu fjögurra mánaða sem hlutfall af tekjum sömu mánaða, hvort tveggja raunvirt. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Tekjutoppur vorið 2003 og lægð ári seinna er vegna eignasölu.

*Mynd 45. Tekjur og gjöld ríkissjóðs*

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Innheimtar tekjur og greidd gjöld, 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Tekjutoppur vorið 2003 og lægð ári seinna er vegna eignasölu. Ekki er leiðrétt fyrir tímasetningu tekna og gjalda.

*Mynd 46. Tekjur ríkissjóðs án eignasölu og gjöld án vaxta*

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Tekjur ríkissjóðs án eignasölu og gjöld ríkissjóðs án vaxta. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Leiðrétt er fyrir tímasetningu skattauppgjors í júlí 2004 og bókhaldsbreytingum í janúar 2004.

*Mynd 47. Þróun skatttekna ríkissjóðs*

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Þrjár flokkar skatttekna; tekjuskattur einstaklinga og tryggingagjöld, virðisaukaskattur og gjöld tengd innflutningi og áfengi. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Öregla í júlí og nóvember 2004 er vegna flýtingar skattauppgjors.

*Mynd 48. Þróun ríkisútgjalda*

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Þrjár tegundaflokkar útgjalda ríkis (eftir málaflokkum); almenn mál, atvinnumál og félagsmál. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Tölur í desember og janúar 2005 bera merki bókhaldsbreytingar í janúar 2004.

*Mynd 49. Hlutafjármarkaður: Mánaðarleg velta og dagleg verðþróun*

Heimild: Kauphöll Íslands. Sínd er mánaðarleg heildarvelta skráðra hlutabréfa (á þingi og utan þings, Tilboðsmarkaður meðtalinn) og dagleg gildi úrvalsvísitölu og þingvísitölu aðallista. Nýjasta talan um veltu er velta yfirstandandi mánaðar til og með föstudegi fyrir útgáfu Hagvísu.

*Mynd 50. Fasteignaverð: íbúðaverð á höfuðborgarsvæði*

Heimildir: Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð (staðgreiðsluverð) íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu miðað við vísitölu Fasteignamats ríkisins. Sínd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl.

*Mynd 51. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði*

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungstölur. Vegið meðaltal iðnaðar, verslunar og skrifstofuhúsnæðis, 1995=100. Sýnt er bæði einfalt meðaltal samninga og vegið eftir stærð húsnæðis.

*Mynd 52. Verð veiðiheimilda í þorski*

Heimildir: LÍÚ og Kvótaþing. Sýnt er meðalverð hvers mánaðar á aflahlutdeild (varanlegur kvóti) og aflamarki (leigukvóti eða skammtímakvóti) í þorski.

*Mynd 53. Útlánaaukning lánakerfisins*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs. Útlán til heimila, fyrirtækja og útlán alls.

*Mynd 54. Skuldir heimilanna við helstu lánastofnanir*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Skuldir einstaklinga í lok hvers mánaðar við innlánsstofnanir, við lífeyrissjóði og fjárfestingarlánasjóði samanlagt, og við allar framangreindar stofnanir samanlagt. Einnig er sínd raunbreyting samanlagðra skuldanna frá sama tíma á fyrra ári, raunvirt er með vísitölu neysluverðs.

*Mynd 55. M3 og innlend útlán innlánsstofnana*

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Útlánaþróun er einnig sínd leiðrétt fyrir áætluðum áhrifum verðlags- og gengisbreytinga á stofn verðtryggðra og gengistryggðra lána. Við útreikning á breytingum milli ára er leiðrétt fyrir innkomu Kaupþings banka og Glitnis í reikninga innlánsstofnana með því að bæta útlánum þeirra við útlán innlánsstofnana á fyrra tímabilinu. Einnig er sýnt raungildi útlána, reiknað miðað við vísitölu neysluverðs.

*Mynd 56. Raungildi M3 og innlendra útlána innlánsstofnana*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Útlán og peningamagn (M3) í lok hvers mánaðar er fært til fasts verðs með vísitölu neysluverðs. Peningamagn er árstíðarleiðrétt. Janúar 2001=100.



*Mynd 57. Grunnfé og endurhverf viðskipti við Seðlabankann*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Grunnfé Seðlabankans og staða endurhverfra viðskipta lánastofnana við Seðlabankann. Sýnd er 12 mánaða breyting þriggja mánaða meðaltala.

*Mynd 58. Stýrivextir Seðlabanka Íslands og vextir á peningamarkaði*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vikulegar tölur um ávöxtun í endurhverfum verðbréfasamningum Seðlabankans við lánastofnanir og ávöxtun á peningamarkaði á skuldbindingum til eins dags og þriggja mánaða.

*Mynd 59. Skammtíma vextir og vaxtamunur við útlönd*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Munur þriggja mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Skammtímarauvextir eru reiknaðir sem vextir í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans leiðrétir fyrir reiknuðu verðbólguálagi ríkisbréfa til 2 ára (frá 15. apríl 2003). Fram til 15. apríl 2003 var verðbólguálagið metið sem munur á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa og verðtryggðra spariskírteina. Frá og með júlí 2002 var miðað við flokkana RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410 en þar áður var miðað við flokkana RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210. Vikulegar tölur. Upplýsingar skortir um reiknað verðbólguálag í apríl 2005.

*Mynd 60. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun ríkisbréfa miðað við hagstæðasta kauptilboð í flokkana RIKB 07 0209, RIKB 13 0517 og RIKB 10 0317. Daglegar tölur.

*Mynd 61. Tímaróf óverðtryggðra vaxta*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Myndin vinstra megin sýnir REIBOR-vexti á lánum til mislangs tíma. Myndin hægra megin sýnir vexti í kauptilboðum á ríkisvixlum og ríkisbréfum.

*Mynd 62. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtímaskuldabréfa*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kauptilboð viðskiptavaka í spariskírteini, húsbréf og íbúðabréf. Sýndir eru flokkarnir RS15 1001, IBH26 0315 og HFF150434. Daglegar tölur.

*Mynd 63. Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða, ávöxtun ríkisbréfa og stýrivextir*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Meðalvextir og meðalkjörvextir á óverðtryggðum skuldabréfalánum banka og sparisjóða, ávöxtunarkrafa ríkisbréfa (flokkur RIKB 07 0209) og vextir í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans.

*Mynd 64. Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisjóða og ávöxtun spariskírteina*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Meðalvextir og meðalkjörvextir á verðtryggðum skuldabréfalánum banka og sparisjóða og ávöxtunarkrafa húsbréfa (flokkur IBH 26 0315) og spariskírteina (flokkur RIKS 15 1001).

*Mynd 65. Mismunur meðalkjörvaxta og stýrivaxta, mismunur útlánsvaxta banka og ávöxtunarkrafa spariskírteina*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mismunur verðtryggðra meðalútlánsvaxta banka og sparisjóða og ávöxtunarkröfu spariskírteina (flokkur RIKS 15 1001) (þessar raðir eru sýndar í mynd 64). Mismunur óverðtryggðra meðalkjörvaxta banka og sparisjóða og vaxta í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans.

*Mynd 66. Út- og innlánsvextir banka og sparisjóða (verðtryggð kjör)*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vegið meðaltal meðalvaxta verðtryggðra skuldabréfalána og vegið meðaltal innlánsvaxta á verðtryggðum reikningum bundnum í 60 mánuði hjá bönkum og sparisjóðum.

*Mynd 67. Gengi krónu gagnvart evru og Bandaríkjadal og gengisskráningarvísitala krónu*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Gengi evru og Bandaríkjadals gagnvart krónu miðað við skráð opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands og gengisskráningarvísitala krónunnar. Daglegar tölur.

*Mynd 68. Nafngengi og raungengi krónu*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Raungengi krónu, mánaðarlegar tölur miðað við hlutfallslegt neysliverð. Gengisskráningarvísitala íslensku krónunnar, mánaðarleg meðaltöl. Nýjasta gildi gengisskráningarvísitölu er meðaltal þeirra daga sem liðnir eru í mánuðinum fram að útgáfu Hagvísu.

*Mynd 69. Verðlagsþróun erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar 12 mánaða breyting neysliverðs í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

*Mynd 70. Atvinnuleysisþróun erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiddrétt atvinnuleysi (fjöldi atvinnulausra sem hlutfall af mannafla) í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

*Mynd 71. Iðnaðarframleiðsla erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiddrétt iðnaðarframleiðsla sem vísitala (2000=100) í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

*Mynd 72. Hagvöxtur erlendis*

Heimild: EcoWin. Ársfjórðungslegar tölur. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðung á fyrra ári í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

*Mynd 73. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

*Mynd 74. Útlánavöxtur innlánsstofnana erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira.

*Mynd 75. Hlutabréfaverð erlendis*

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Sýndar eru breiðar hlutabréfavisitölur; S&P 500 í Bandaríkjunum, EURO STOXX Index á evrusvæðinu, FTSE 350 í Bretlandi og Nikkei 225 í Japan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 2000.

*Mynd 76. Stýrivextir seðlabanka erlendis*

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur um stýrivextir Seðlabanka í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og í Bretlandi.

*Mynd 77. Vextir á peningamarkaði erlendis*

Heimildir: EcoWin. Daglegar tölur um vexti á peningamarkaði til þriggja mánaða í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og í Bretlandi.

*Mynd 78. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa erlendis*

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Japan og Bretlandi.

*Mynd 79. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi miðað við íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 2001.

*Mynd 80. Hagvaxtarspár fyrir evrusvæðið, Bretland og Þýskaland*

Heimild: Concensus Forecasts. Spá um árlegan raunvöxt vergrar landsframleiðslu á evrusvæði, í Bretlandi og Þýskalandi. Byggt á mánaðarlegum spám 240 stofnana víðsvegar um heim sem vegnar eru saman. Sýndar eru spár fyrir næstliðið ár, yfirstandandi ár og næsta ár, og er einn ferill fyrir hvert ár. Hver ferill sýnir því þróun spár um hagvöxt viðkomandi ríkis á viðkomandi ári.

*Mynd 81. Hagvaxtarspár fyrir Bandaríkin og Japan*

Heimild: Concensus Forecasts. Spá um árlegan raunvöxt vergrar landsframleiðslu í Bandaríkjunum og Japan. Byggt á mánaðarlegum spám 240 stofnana víðsvegar um heim sem vegnar eru saman. Sýndar eru spár fyrir næstliðið ár, yfirstandandi ár og næsta ár, og er einn ferill fyrir hvert ár. Hver ferill sýnir því þróun spár um hagvöxt viðkomandi ríkis á viðkomandi ári.

*Mynd 82. Leiðandi hagvísar (Leading Indicators) OECD*

Heimildir: EcoWin, OECD. 6 mánaða breyting á árs kvarða. OECD, Bandaríkin, evrusvæðið, Bretland og Japan. Leiðandi hagvísar OECD eru samsettir og byggjast á breiðu safni annarra hagvísar.

*Mynd 83. Væntingavísitölur á evrusvæðinu og í Bandaríkjunum*

Heimildir: EcoWin, European Commission, The Conference Board í Bandaríkjunum og Institute for Supply Management (ISM Report on Business) í Bandaríkjunum. Sýndar eru væntingavísitölur fyrir neytendur og fyrirtæki.